

**AUGLÝSING**

um umferð og bifreiðastöður í Njarðvíkurhreppi.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps í Gullbringusýslu og samskvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og bifreiðastöður í Ytri-Njarðvík:

1. Umferð um **Hjallaveg** nýtur forgangsréttar fyrir umferð um Hólagötu og Holts-  
götu.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar sunnan megin **Hafnarbrautar** á kaflanum milli Reykjanesvegjar og Brekkustígs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 15. september 1973.  
Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

*Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 5. september 1973.*

**Einar Ingimundarson.**

24. september 1973.

Nr. 303.

**AUGLÝSING**

um gjald til Almanakssjóðs.

Með skirskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16.1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samskvæmt téðu lagaákvæði, skuli frá 1. október 1973 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera kr. 2.00 fyrir hvert eintak.

*Í menntamálaráðuneytinu, 24. september 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

1. október 1973.

Nr. 304.

**AUGLÝSING**

um umferð í Reykjavík.

Samskvæmt heimild í 65. gr. og 66. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bakkastíg verður lokað fyrir bifreiðaumferð frá Vesturgötu.
2. Bifreiðastöður verða bannaðar í Þverholti.
3. Afnumið verður bann við vinstri beygju af Laugarnesvegi til vesturs í Borgartún.

4. Gangbrautarljós verða tekin í notkun við Hamrahlið við Hliðaskóla og á Sundlaugavegi vestan Laugalækjar.

Framangreindar reglur taka gildi 3. október 1973.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. október 1973.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Gildistími bráðabirgðaákvæða um umferð í miðborginni samkvæmt auglýsingu, dags. 9. ágúst 1973, hefur verið framlengdur fyrst um sinn, þar til annað verður ákveðið.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. október 1973.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

## REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1973.

### 1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1973, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	20 000.00
II. flokkur	16 000.00
III. flokkur	12 000.00
IV. flokkur	8 000.00
V. flokkur	4 000.00

### 2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,  
Reykjavíkur apótek.
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar,  
Apótek Keflavíkur,  
Laugavegs apótek.
- III. flokkur: Akureyrar apótek,  
Hafnarfjarðar apótek,  
Holts apótek,  
Ingólfs apótek.